

#Þjónustuheiti#

Útboð nr. **xxx**

mánuður ártal#

EFNISYFIRLIT

1. ÚTBODSLÝSING	3
1.1 ÚTBODSSKILMÁLAR	3
1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útbóðs	3
1.1.2 Útbodsgögn.....	3
1.1.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	3
1.1.4 Skýringar á útbodsgögnum.....	4
1.1.5 Gerð og frágangur tilboða.....	4
1.1.6 Tungumál.....	4
1.1.7 Frávíkstilboð.....	4
1.1.8 Afhending tilboða.....	4
1.1.9 Fylgigögn með tilboði.....	5
1.1.10 Kröfur um gæði.....	5
1.1.11 Afturköllun tilboða.....	5
1.1.12 Opnun tilboða og skilafrestur	6
1.1.13 Frekari upplýsingar á síðari stigum	6
1.2 ALMENNIR SKILMÁLAR	7
1.2.1 Verkefnið.....	7
1.2.2 Kröfur um hæfi bjóðenda.....	7
1.2.3 Taka tilboða.....	7
1.2.4 Val á samningsaðila	7
1.2.5 Lög og reglugerðir.....	7
1.2.6 Verð og verðbreytingar.....	7
1.2.7 Greiðslur.....	7
1.2.8 Samningur.....	7
1.2.9 Samskipti á samningstíma.....	7
1.2.10 Gæðastjórnun.....	8
1.2.11 Afhending og afhendingarskilmálar.....	8
1.2.12 Févítí	8
1.2.13 Vanefndir og uppsögn.....	8
1.2.14 Ábyrgð og tryggingar.....	8
1.2.15 Framsal réttinda	9
1.2.16 Skuldskeyting - undirverktakar	9
1.2.17 Ágreiningsmál.....	9
2. VERKLÝSING	10
2.1 ALMENNT.....	10
2.2 #(NÁNARI LÝSING)#	10
2.2.1	10
3. TILBODSBLAÐ	11
3.1 TILBODSSKRÁ	12
4. VIÐAUKI : SAMNINGSDRÖG	13

1. Útboðslýsing

1.1 Útboðsskilmálar

1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útboðs

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í: **#(Lýsing á þjónustu sem kaupa á)#**

Nánari upplýsingar er að finna í kafla 2.

Heimilisfang umsjónaraðila útboðs:

Orkuveita Reykjavíkur

Bæjarhálsi 1, Sími: 516 6000

110 Reykjavík Myndsendir: 516 6308

Ísland Netfang: utbod@or.is

Vefsíða: www.or.is

Útboðsyfirlit:

- EES útboð – **já/nei**
- Tegund útboðs: **opið/lokað**
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn **#(dagsetning)#**
- Svarfrestur útrunninn **#(dagsetning)#**
- Opnunartími tilboða **#(dagsetning, kl.)#**
- Opunarstaður tilboða er: Orkuveita Reykjavíkur, Innkaupastjórn, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í **#(fjöldi vikna)#** vikur eftir opnun þeirra.
- Afhendingartími: **#(dagsetning/tímabil)#** Sjá nánar 1.2.11

#Ef um lokað útboð er að ræða skulu þátttakendur taldir upp hér#

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. [65/1993](#). Sé það auglýst á evrópska efnahagssvæðinu er stuðst við lög nr. [84/2007](#) og reglugerð nr. [755/2007](#).

1.1.2 Útboðsgögn

- Útboðs- og verklýsing þessi nr: **#(nr)#**
- Tilboðsblað/blöð.
- **# Staðlar #**
- Samningseyðublað.
- Skjöl úr gæðakerfi Orkuveitunnar.
- Viðaukar sem Innkaupastjórn kann að senda út á tilboðstíma.

1.1.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Á ekki við/ #(tími/dagsetning)#

1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðið, skal hann þá senda Innkaupastjórn Orkuveitu Reykjavíkur skriflega fyrirspurn eigi síðar en 7 almanaxsdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Fyrirspurnin skal merkt: **Innkaupastjórnun Orkuveitu Reykjavíkur - útboð** (myndsendir: 516 6308 eða netfang: utbod@or.is). Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Svarbréf verður sent öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en 4 almanaxsdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

1.1.5 Gerð og frágangur tilboða

Skila skal tilboðum og öllum fylgigögnum í **x eintaki/eintökum**.

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblöðum. Tilboð skulu vera dagsett og undirrituð af bjóðendum. Þeim skal skilað í lokuðum umslögum merktum:

Innkaupastjórn Orkuveitu Reykjavíkur

TILBOÐ

Útboð - nr. _____

Heiti á útboði _____

Nafn bjóðanda, heimilisfang og tölvupóstfang: _____

Orkuveitan mun hafna/getur hafnað þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt tilboðsblöðum.

Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það einingaverð sem fram kemur á tilboðsblöðum og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.

1.1.6 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku **og/eða ensku**.

1.1.7 Frávikstilboð

Heimilt er að skila frávikstilboði með aðaltilboði /án aðaltilboðs. / Ekki er heimilt að skila frávikstilboði. Sé um frávikstilboð að ræða skal þess greinilega getið á tilboðsblaði auk þess sem frávikinu skal þar stuttlega lýst.

1.1.8 Afhending tilboða

Tilboðum skal skila til Innkaupastjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík í lokuðu umslagi og skal nafn og aðsetur bjóðanda ásamt netfangi koma fram á umslaginu ásamt heiti útboðs og númeri.

Þau tilboð sem berast eftir að skilafrestur er liðinn verða ekki opnuð. Þó verða þau tilboð opnuð sem borist hafa með tölvupósti eða símbréfi á opunarstað tilboða áður en skilafrestur er runnin út, enda hafi gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram.

Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í hendur Innkaupastjórnunar fyrir opnun tilboða.

1.1.9 Fylgigögn með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

A. Almennar upplýsingar

Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.

B. Upplýsingar er varða verkefnið

Orkuveitan áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum sem málið varðar.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn með tilboðum sínum, umbeðnum gögnum. Geri bjóðendur það ekki eiga þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

Farið verður með allar upplýsingar frá þátttakendum sem trúnaðarmál.

Bjóðendum sem á undanförunum 12 mánuðum hafa skilað til Orkuveitu almennum upplýsingum sbr.lið A er heimilt að vísa til þeirra, enda séu þær enn í fullu gildi.

1.1.10 Kröfur um gæði

Orkuveita Reykjavíkur starfar eftir gæða-, umhverfis- og öryggiskerfum skv. ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 stöðlum. Með tilboði skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði er varða gæðamál bjóðanda:

- Upplýsingar um hvort gæða-, umhverfis- eða öryggiskerfi sé í fyrirtæki bjóðanda. Sé vottað eða viðurkennt gæðakerfi til staðar óskast upplýst um eftir hvaða gæðakerfi og staðli er unnið. Vottorð þar að lútandi skulu fylgja tilboði.
- Ef ekki er vottað gæðakerfi í fyrirtæki bjóðanda er óskað eftir upplýsingum um hvernig tilboðshafi/bjóðandi hyggst tryggja vörugæði og gæði þjónustu.
- Upplýsingar um hvaða aðgerðir eru í gangi hjá bjóðanda til að bæta gæði vöru og þjónustu.
- Bjóðandi upplýsi um nafn og stöðu ábyrgðamanns (gæða)kerfis.
- Ef varasöm merkingarskyld efni eru með þurfa öryggisleiðbeiningar að vera aðgengilegar.

#OR gerir kröfur um að bjóðandi hafi vottað/virkt gæðakerfi/ umhverfistjórnunarkerfi/ öryggiskerfi#

Bjóðandi skal tryggja að þjónusta sem boðin er sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

1.1.11 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

1.1.12 Opnun tilboða og skilafrestur

Tilboð ásamt umbeðnum upplýsingum skulu berast Innkaupastjórn Orkuveitunnar eigi síðar en á tilgreindum opnunartíma, samkvæmt **kafla 1.1.1**, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem þess óska. Tilboð sem berast eftir uppgefinn opnunartíma verða ekki opnuð.

Við opnun verða lesin upp nöfn bjóðenda og tilboðsfjárhæðir.

1.1.13 Frekari upplýsingar á síðari stigum

Þegar mat á gildi tilboða liggur fyrir, áskilur Orkuveitan sér rétt til að óska eftirfarandi upplýsinga frá þeim aðilum sem skiluðu inn gildum tilboðum:

- Endurskoðuðum og/eða árituðum ársreikningum, eða árshlutauppgjöri.
- Yfirlýsingu frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- Staðfestingu á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- Aðrar upplýsingar sem málið varða að mati Orkuveitunnar.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál. Tilboðum aðila sem eru í vanskilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði verður vísað frá.

1.2 Almennir skilmálar

1.2.1 Verkefnið

#(Nánari lýsing)#

1.2.2 Kröfur um hæfi bjóðenda

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, svo og annarra þeirra upplýsinga sem Orkuveitan kann að óska eftir.

[...]

Samningsaðili þarf að standast eða hafa staðist verktakamat Orkuveita Reykjavíkur.

Þess er krafist að bjóðendur uppfylli eftirfarandi skilyrði: #(Hér er hægt að nefna dæmi um þau)#

1.2.3 Taka tilboða

Orkuveitan munu taka hagstæðasta tilboði/tilboðum, eða hafna öllum. #(Hér er hægt að áskilja sér rétt til að taka tilboði frá fleiri en einum aðila, rammasamningur)#

1.2.4 Val á samningsaðila

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á tilboðum: # Hér má færa inn auk verðs, gæði, reynslu, afhendingaröryggi o.fl. Almenna reglan er að taka hagstæðasta tilboði. Sé tilboð metið út frá fleiri atriðum en verði má færa inn aðra þætti. Sé það gert skal lista upp vægi (hlutfalli/%) þeirra atriða sem matið byggist á og skýra nákvæmlega hvernig sérhvert atriði verður metið. #

1.2.5 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

1.2.6 Verð og verðbreytingar

Breytilegt A eða B

A: Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækkun launavísitölu/byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Miða skal við að vísitalan haldist óbreytt milli gildis-tökudaga sem er fyrsti dagur hvers mánaðar. Einstakir verkþættir í tilboðsskrá verða verðbættir miðað við gildandi vísitölu þegar verkþátturinn er framkvæmdur. Grunnvísitala samnings er áðurnefnd vísitala sem er gildandi vísitala mánaðarins á opunardegi tilboðs.

B: Tilboð skal miða við föst einingaverð eða heildarverð. Engar verðbætur verða greiddar á samningstímanum.

1.2.7 Greiðslur

Nánari lýsing t.a.m. greiðsluskilmálar og greiðslumáti

1.2.8 Samningur

Gerður verður skriflegur samningur við viðkomandi aðila um þá þjónustu sem útboðið tekur til. Varðandi samningstíma sjá útboðsyfirlit í grein 1.1.1.

1.2.9 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun **# Innkaupastjórnun Orkuveitu Reykjavíkur #** annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.2.10 Gæðastjórnun

Öll þjónusta sem veitt er skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Af hálfu kaupanda verður fylgst gaumgæfilega með að öll hún fullnægi gerðum kröfum skv. lýsingu.

1.2.11 Afhending og afhendingarskilmálar

Hvar og hvenær afhending fer fram

1.2.12 Févíti

Breytilegt A eða B

A: Þjónustunni skal lokið á tilskildum tíma samkvæmt grein 1.2.11. Ef seinkun verður á þjónustunni og seljandi á ekki rétt á framlengingu á afhendingartíma, skal hann greiða kaupanda févíti er nema **\$(Dæmi kr. 30.000# eða t.d. 0,2% af samningsupphæð)#** fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu eða einstökum þáttum sé að fullu lokið. Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnu févíti. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnu févíti er hann í fullum rétti að innheimta það við gerð lokareiknings.

B: Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá greiðir seljandi févíti **\$(x %)#** af samningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févíta vera sem svarar **\$(x %)#** af upphæð samnings.

1.2.13 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi með **1** mánaða fyrirvara.

1.2.14 Ábyrgð og tryggingar

Gera kröfur við hæfi, einkum ef um langan samningstíma er að ræða. Annars skrá textann “Á ekki við”

1.2.15 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki kaupanda.

1.2.16 Skuldskeyting - undirverktakar

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.2.17 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

2. Verklýsing

2.1 Almenn

2.2 **#(NÁNARI LÝSING)#**

2.2.1

3. Tilboðsblað

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðslýsingu Orkuveitu Reykjavíkur nr. og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við þau.

Eftirfarandi gögn fylgja tilboði sbr. liður 1.1.9 Fylgigögn með tilboði.

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess
- _____
- _____
- _____

Bjóðendur verða að uppfylla öll ofangreind atriði, annars eiga þeir það á hættu að tilboð þeirra verði dæmt ógilt

#(Lýsing á verkefninu)#

Tilboðsverð er kr/erl. mynt _____ með virðisaukaskatti.

Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími	
Fax	
Netfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
Staður og dagsetning tilboðs	
Undirskrift bjóðanda	

3.1 Tilboðsskrá

4. Viðauki : Samningsdrög

VIÐAUKI



Samningsdrög



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR



Undirritaðir aðilar, annars vegar **Orkuveita Reykjavíkur**, kt. 551298-3029, sem kaupandi og hins vegar,
..... hér eftir í samningi þessum nefndur seljandi, gera með sér svo hljóðandi

Samning

XXXXXXXXXX

1. gr. Verkefnið.

#Almenn lýsing#

Verkefnið er nánar skilgreint í útboðsgögnum útgefnum af Orkuveitu Reykjavíkur.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

- **Útboðs- og verklýsingu**, dags.....
- **Tilboðsskrá**, tilboðseyðublaði undirrituðu af seljanda dags.
- **Stöðlum**, sem vísað er til í útboðslýsingu

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum, nema með samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

2. gr. Verð og verðbreytingar.

Fyrir framangreint verkefni ber kaupanda að greiða seljanda samkvæmt tilboði hans dags..... ,
kr.....⁰⁰/₁₀₀ með þeim
breytingum sem samningsgögn kveða á um.

Samningsverðið samkvæmt framangreindu innir verkkaupi af hendi í samræmi við ákvæði gr. 1.2.7
GREIÐSLUR.

3. gr. Afending og afhendingarskilmálar.

#Lýsing#

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá greiðir seljandi févíti **# hér skal færa inn það sem valið var í lið 1.2.12 #**

4. gr. Vanefndir og uppsögn.

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi með **1** mánaða fyrirvara.

5. gr.
Ýmis ákvæði.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, /

Kaupandi:

Seljandi:

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

F.h.

Vitundarvottar:

